

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2013 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2013

2013/EES/31/01

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 456/2012 frá 30. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/5/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar bólusetningu gegn blátungu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/204/ESB frá 19. apríl 2012 um breytingu á viðaukunum við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Lettland sé opinberlega laust við öldusótt og að tiltekin svæði á Ítalíu og í Póllandi og Portúgal séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/253/ESB frá 10. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/68/EB að því er varðar almennar grunnviðmiðanir sem uppfylla þarf svo að yfirráðasvæði geti talist laust við blátungu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/303/ESB frá 11. júní 2012 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Litháen sé opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/304/ESB frá 11. júní 2012 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Króatíu og Mexíkó til að framkvæma sermprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundæði ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambands-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 31.5.2012, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 125, 12.5.2012, bls. 51.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 152, 13.6.2012, bls. 48.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 152, 13.6.2012, bls. 50.

ríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

9) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) í hluta 3.1:

„– **32012 L 0005**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/5/ESB frá 14. mars 2012 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007) í hluta 3.2:

„– **32012 R 0456**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 456/2012 frá 30. maí 2012 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2012, bls. 7).“

3. Eftirfarandi bætist við á eftir 54. lið (ákvörðun ráðsins 2000/258/EB) í hluta 4.2:

„54a. **32012 D 0304**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/304/ESB frá 11. júní 2012 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Króatíu og Mexíkó til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2012, bls. 50).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32012 D 0204**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/204/ESB frá 19. apríl 2012 (Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 26),

– **32012 D 0303**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/303/ESB frá 11. júní 2012 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2012, bls. 48).“

5. Eftirfarandi bætist við í lið 16a (tilskipun ráðsins 2004/68/EB) í hluta 8.1:

„eins og henni var breytt með:

– **32012 D 0253**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/253/ESB frá 10. maí 2012 (Stjtið. ESB L 125, 12.5.2012, bls. 51).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 456/2012, tilskipunar 2012/5/ESB og ákvarðana 2012/204/ESB, 2012/253/ESB, 2012/303/ESB og 2012/304/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.